

Nr. 255.

400

27. júní 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Í Reykjavíkjafjarðarál allt árið á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er 50° réttvisandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 20°40 v.lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 237 15. júní 1977, um breytingu á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 256.

23. júní 1977.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Egilsstaðahreppi Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu. Auk A-gjalds verði einnig B-gjald skv. reglugerð nr. 85 12. mars 1975, sem er til að greiða kostnað við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttir.

3. gr.

Til útreiknings A-gjalds skal nota eftirfarandi einingartölur, sem hækka eða lækka með byggingarvísitölu á hverjum tíma.

- A.
- | | |
|--|-------------|
| 1. Einbýlishús m/bifr.geymslu að 400 m ³ | kr. 125 000 |
| 2. Parhús að 400 m ³ | — 100 000 |
| 3. Tvíbýlishús á 2 hæðum tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m ³ hver íbúð | — 80 000 |
| 4. Raðhús á 2 hæðum að 400 m ³ hver íbúð | — 60 000 |
| 5. Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m ³ hver íbúð | — 50 000 |
| 6. Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri m/fleiri en 8 íbúðum að 300 m ³ hver íbúð | — 35 000 |
| 7. Verslunar, skrifstofu og skólahúsnæði að per m ² | — 200 |
| 8. Iðnaðarhús og vörugeymslur að per m ² | — 150 |
| 9. Umframstærðir í íbúðarhúsum að per m ² | — 100 |
10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.

- B.
1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum m² lóðar.

- C.
1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

4. gr.

Gjaldldagi gatnagerðargjalda, samkvæmt 3. grein skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast eða allt að 2 mánuði. Sé gjaldið þá eigi greitt er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

5. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald verið greitt af lóð eða hliðstæð gjöld, sem sveitarfélagið hefur innheimt, og skal það þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi. Hafi lóðarhafar hins vegar ekki greitt nein slík gjöld en eru með byggingu á byrjunarstigi þegar reglugerð þessi gengur í gildi ber þeim að greiða samkvæmt 3. grein þessarar reglugerðar.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka og lækka gjaldstuðlana í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins. Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla sbr. 3. gr. svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.